

Ávarp formanns

Íþróttafélag Reykjavíkur, sem nú fagnar aldarafmæli, er elsta félagið héraendis sem beinlínis var stofnað til þess að efla áhuga fyrir fimleikum og frjálsum íþróttum þó að það hafi síðan á margvíslegan hátt víkkað starfssvið sitt og vettvang með því að fjölga íþróttagreinum innan vébanda sinna. Félagið hafði líka fljótt áhrif til heilla fyrir íþróttahreyfinguna um land allt sem rekja má til fjölmargra ferða fimleikaflokka og íþróttamannahópa félagsins út um landsbyggðina.

Ungt fólk hefur fundið sér fyrirmyndir í fjölmörgum afreksmönnum sem komið hafa úr röðum Íþróttafélags Reykjavíkur. Ég lét nægja að nefna þrjú nöfn. Nú á aldarafmælinu liggur beinast við að minna á Eið Smára Guðjohnsen, fræknasta knattspyrnumann Íslendinga fyrr og síðar, en hann sleit fyrstu knattspyrnskónum í Breiðholtinu með guttunum í félaginu. Á hálftrar aldar afmælinu hafði ÍR-ing-

urinn Vilhjálmur Einarsson nýverið orðið fyrstur Íslendinga til að setja ólympíumet og vinna til verðlauna á Ólympíuleikunum. Á þúsaldarárinu 2000 – í aðdraganda aldarafmælis ÍR – skein aftur sól á ólympíuleikvangi er annar ÍR-ingur, Vala Flosadóttir, varð fyrst íslenskra kvenna til að vinna ólympíuverðlaun.

Upphafið að stofnun Íþróttafélags Reykjavíkur var það að ungur áhugamaður um íþróttir, ættaður frá Noregi, setti auglýsingu í blöð Reykjavíkurbæjar um að hann hygðist stofna leikfimis- og íþróttafélag fyrir unga menn og skoraði á alla röska pílta að mæta á stofnfund sem boðað var til 11. mars (það ár) árið 1907.

Á þessum árum voru íþróttir lítt stundaðar og litið á þær sem spjátrungshátt-erni og heyrðust jafnvel þær raddir á vettvangi stjórnmálanna að réttast væri að skattleggja íþróttaiðkun sem



hverja aðra skemmtan. Enda höfðu margar tilraunir til að stofna íþróttafélög runnið út í sandinn áður en Íþróttafélagi Reykjavíkur var komið á laggirnar. Félaginu óx hratt fiskur um hrygg þótt við margs konar erfiðleika væri að etja fyrstu áratugina og skilningsleysi yfirvalda væri fjötur um fót. Ungt og tápmikið fólk flyktist í félagið og stappaði það stáli í frumherjana sem við hugsum jafnan til með hlýhug og þakklátum huga sem og til allra þeirra er lagt hafa félaginu lið í 100 ár.

Knattspyrnustarf hófst fyrst hjá ÍR árið 1908. Það var þó ekki fyrr en með stofnun knattspyrnudeildarinnar árið 1970 sem óslitið starf hófst, en fyrstu árin var áherslan á yngri flokkana. Um það leyti var ÍR að hasla sér völl í yngsta hverfi borgarinnar, Breiðholti. Í dag er ÍR eitt fjölmennasta íþróttafélag landsins með rúmlega 1800 virka iðkendur í níu greinum en þar af eru rúmlega 1300 iðkenda 16 ára eða yngri. Meira en annar hver nemandi í grunnskólum Breiðholts leggur í dag stund á íþróttir hjá ÍR og um fjörutíu prósent nemenda í öllu Breiðholti. Hann er því orðinn býsna fjölmennur hópurinn sem á síðustu hundrað árum hefur þroskast að líkams- og sálarkröftum undir merkjum ÍR við fjölbreytt félagsstörf.

ÍR ætlar sér að verða áfram það íþróttafélag sem veitir öllum íbúum Breiðholts víðtæka þjónustu á íþróttasviðinu en vera jafnframt það afreksfélag sem íbúarnir geta verið stoltir af.

Þar skiptir miklu máli að vel takist til við uppbygginguna á íþróttasvæðinu í Mjódd.

Heilbrigð og holl keppni skapar aukinn kraft og lífsþrótt. Það blandast engum hugur um það að þeir sem hafa notið heilbrigðs leiks og íþróttastanda betur að vígi á leikvelli lífsins og sýna bæði félagslyndi og drengskap. Með þeim árangri auðnast íþróttahreyfingunni að skapa betra þjóðfélag.

Ljóst er að stefna félagsins var frá öndverðu rétt og leiddi til farsældar og góðs og geta þeir sem léð hafa félaginu krafta sína á þessari öld horft með stolti yfir farinn veg. Megi félaginu vegna sem best á ókomnum árum og takast að rækja hlutverk sitt til heilla fyrir íþróttaiðkun í landinu á sem sannastan, bestan og glæsilegastan hátt.

Úlfar Steindórsson
formaður ÍR